

honum séns.“ hugsaði fólk líklega (hlær). Og vonandi var ég líka farinn að verða aðeins betri í þessu. Það er oft erfitt fyrir menn sem eru búnir að vera lengi í bransanum, eins og mig, að rífa sig svona upp og prófa eitthvað glænýtt. Það er skiljanlegt að menn sækji í eitthvað sem er þægilegt og öruggt. Reynslan og þroskinn eru farin að eyðileggja, þú manst eftir öllum mistökunum og ert búinn að missa þetta ungæðislega sakleysi sem olli því að þú lést bara vaða án þess að vita neitt. Þannig að þarf dálítið áttak til að taka þessa áhættu. Það þarf hugrekki til – eða þá flónsku (hlær).“

Gustuk

Guðmundur er sposkur á svip þegar hann rifjar fyrstu sólóplötuna sína upp og hann hafi á einum tímapunkti velt henni í höndunum og hugsað hvað hann hafi eiginlega verið að spá.

„Svo fór maður í það að fylgja þessu eftir með kassagítarnum og í dag er þetta eitt það skemmtilegasta sem ég geri; að henda upp plaggötum í litlum þorpum úti á landi og spila svo fyrir nokkar hræður um kvöldið. Þetta kom þannig til að ég var að sleikja sárin eftir viðtökurnar við fyrstu plötunni og var svona að pæla í því hvort ég ætti að halda þessu brölti áfram eða ekki. Þá hringdi vinur minn á Blönduósi í mig, Þorsteinn, og sagði mér að ég ætti bara að koma til Blönduóss og spila. Mér fannst þessi trúbadúrahugmynd svona mátulega flott. En svo fór ég að prufa að setja lögin í þann búning og það virkaði alveg. Við höfum farið í þessi ferðalög saman, við félagarnir, á jeppa. Það er líka erfitt að halda úti hljómsveit hérna, og þessi sveitaballabransi er eiginlega dottinn upp fyrir. Það er orðið erfitt að fá fólk inn á gígg, fólk í Reykjavík vill ekki borga sig lengur inn á tónleika. Tónlist er voðalega mikið ókeypis í dag.“

Japl kom út á vegum Senu en hin- ar tvær gefur Guðmundur sjálfur út.

„Sena var tilbúin að taka þátt í þessu með mér fyrst. Þessir diskar hafa nú ekkert farið í neina metsölu. Ég kallaði útgáfufyrirtækið mitt Gustuk þar sem mér fannst eins og það væri álitid mikið miskunmarverk af Senu að gefa út þessa fyrstu plötu mína. Æ, ég veit það ekki, þessi útgáfufyrirtæki öll eru ekki svipur hjá sjón lengur í dag. Það vantar þessa karaktera eins og Steinar Berg, Pétur Kristján og Svavar Gest, þar sem augun eru á business og tónlist. Eitthvað sem hægt er að kalla tónlistaráhuga. Það veit enginn lengur hver á þessi útgáfufyrirtæki og enginn veit lengur hvert á að snúa sér. Fólk stelar tónlist af netinu og það er erfitt að búa til tónlist ef enginn fær borgað. Það er ekki hægt að borga endalaust með sér. Sjálfur lít ég á þetta útgáfustand mitt sem mína jeppadellu. Ég eyði hundruðum þúsunda í þetta og reyni bara að hugsa það sem mínar álfelgur! Ég græði ekkert á þessu en lít vel út í vinnahópn- um (hlær). Þannig er þetta fyrir mér, mjög dýrt hobbí.“

Guðmundur er eðli málsins samkvæmt hagvanur í hljóðveri og segist hafa ágætt aðgengi að fjölmiðlum til að kynna sig.

„Þannig að það er ekkert stórkostlega erfitt að sinna áhugamálinu. Og þetta varð léttara með hverri plötu. Þetta er það sem koma skal, að maður sjái bara um þetta allt saman sjálfur. Maður ræsir fag- tólin (pro-tools, þýðing Guðmundar) og byrjar bara.“

Guðmundur og félagi hans Stefán Hilmarsson í Sálinni eru miklir íslenskumenn. Talið berst nú að íslenskri tónlist í dag og hrósar Guðmundur Sprengjuhöllinni sérstaklega.

„Ég fagna henni. Strákarnir standa undir lofinu og það er gaman þegar menn hafa sig í það að syngja á íslensku. Það er eins og hljómsveitin hafi sprottið alsköpuð úr höfði Seifs, það er erfitt að festa fingur á hvaðan áhrifin koma. Lögin eru líka góð og það er svona nettur Spilverks-grallaraskapur í gangi.

„Stuðmenn voru þeir sem gerðu íslenskt mál svalt fyrir mig og mína kynslóð. Meira þá en Megas, því að þeir voru hljómsveit fólksins. Þetta var ekki upphafið mál, heldur bara fyndið og skemmtilegt. Magnús Eiríksson semur þá mjög einfalda en vel orta texta. Ég ólst upp á Skagaströnd og þar var maður mikið innan um eldra fólk.“

Þeir eru grimmir á rímorðabókina! Þetta kveikir í manni. Enska tungan nær því ekki eins vel.“

Það hafðist

Guðmundur segir í framhaldinu að hann hafi virkilega gaman af íslensku máli.

„Stuðmenn voru þeir sem gerðu íslenskt mál svalt fyrir mig og mína kynslóð. Meira þá en Megas, því að þeir voru hljómsveit fólksins. Þetta var ekki upphafið mál, heldur bara

fyndið og skemmtilegt. Magnús Eiríksson semur þá mjög einfalda en vel orta texta. Ég ólst upp á Skagaströnd og þar var maður mikið innan um eldra fólk. Og úti á landi er töluð mjög kjarnyrst íslenska, og sagnahefðin er sterk. Þegar ég kom suður talaði ég frekar forna íslensku og það var mikið hlegið að mér. Ég og Stefán vorum allir í þessu, að finna orð og búa til ný. Okkur fannst – og finnst – þetta mjög skemmtilegt.“

Textarnir á Fuður eru sumir ansi myrkir og það er verið að takast á við erfiða hluti í sumum þeirra.

„Já, en það er nú samt ekki alveg þannig. Þetta er engin uppgjörspata en ég ákvað samt að hafa þá vel persónulega. En þeir eru ekki allir um sjálfan mig, sumir eru byggðir á sögum sem ég hef heyrt frá vinum og kunningjum. Bragfræðin er líka þannig að maður eltir hennar lögmál stundum. Textinn fer þá eitthvert með mann. Ég reyni líka að fanga það hvernig mér líður á því augnabliki sem ég er að semja. Og þó að það eigi eftir að elta mann síðar verður bara að hafa það. Þannig kem ég líka að þessu almennt; lagasmíðar, plötugerð – ég er ekkert að ergja mig endalaust ef eitthvað gengur ekki. Það gengur ekki upp að dvelja of lengi við. Þetta

er bara eins og tónleikar. Svona var ég stemmdur þá og þegar, ég reyndi mitt besta og það stendur. Það er ekki hægt að spóla til baka.“

Guðmundur veit ekkert um framhaldið á sólóferlinum. Það kemur allt saman í ljós.

„Ég er ánægður með að þetta hafðist. Ég vissi að þetta yrði lærdómsríkur tími. Það tekur tíma að finna rétta tóninn, finna hvað virkar og maður er svona að skoða þessa þrjár plötur núna í meira samhengi. 90% af þessu er sjálfstraust og það kemur ekki alltaf svo glatt. Það er áunnið. Og ég get sagt það nú að mér líður betur í mínu skinni með þetta allt saman.“

www.gummijons.is